

Ágrip

Eins og lengi hefur verið vitað eru dæmi þess í fornnorrænu að **stoðsagnir** á b.v. *feta, gera, knega, nema, ráða* og *tjá* séu notaðar í umritunum á aðalsögn í persónuhætti, ekki síst í kveðskap. Sama notkun í lausamáls-textum hefur hins vegar vakið minni athygli í málfræðilegri umræðu og því hafa stoðsagnir með nafnhætti einkum verið tengdar bragfræðilegri uppfyllingu í kveðskap. Í elstu textum, fornnorskum og forníslenskum, bregður öllum þessum sögnum fyrir og hér eru færð rök fyrir því að ekki sé rétt að greina þær á sama hátt. Stoðsögnin *gera* sker sig skýrt úr fram á 13. öld, bæði í kveðskap og í lausamáli, og kemur fram í umhverfi þar sem aðalsögn er sett í **brennidepil**. Stungið er upp á að nefna þessa notkun sagnarinnar **gjörðarstoð** til marks um líkindi við áherslumerkingu *do* í ensku. Frá 13. öld gætir aukinnar tilhneigingar til þess að *gera* sé beitt í umhverfi þar sem erfitt er að koma auga á áherslumerkingu og er þá með nafnháttarmerki. Þetta er túlkað þannig að **endurtúlkun** hafi orðið á setningagerðinni og að stoðsögnin og aðalsögnin *gera* hafi runnið saman.

Setningagerðin er greind með hliðsjón af kenningum um hliðstæð fyrirbæri í tungumálum heims, ekki síst innan lögmála- og færíbreytukenningar og naumhyggjustefnu. Litið er á uppkomu gjörðarstoðar í fornnorrænu sem beina afleiðingu þess að hert merking neitunarhengilsins *-a/-(a)t* hvarf og færsla í brennidepilslið varð ógagnsæ, sbr. **gagnsæislögmálið**. Á því stigi hrynur afleiðsla setningar ef sögn með merkingargrind er sett í brennidepil sem felur jafnframt í sér andstæðu. Í samræmi við hagkvæmniskilyrði er stoðsögninni *gera* því skotið inn í stað markaðrar færslu aðalsagnar. Innskotið er greint sem lokaúrræði þar sem gripið er í **jaðar** fyrri lokins áfanga, höfuð **sL**, þegar afleiðslan hrynur og *s*^o gátar sterkan brennidepilsþátt sagnar. Við útskrift fær *s*^o sjálfgefið hljóðform merkingarhlutverksins gerandi.